



Bridge

Sveitakeppni. Vestur gjafari, allir á hættu:

Norður			
S A83			
H G1096			
T 642			
L 875			
Vestur		Austur	
S 4		S 65	
H AKD82		H 7543	
T K109		T G875	
L G962		L KD10	
	Suður		
	S KDG10972		
	H —		
	T AD3		
	L A53		

Vestur Norður Austur Suður
1-hjarta pass 2-hjörtu 4-spaðar
pass/hr.

Vestur spilar út hjarta-ás. Spurningin er, hvornig tryggir þú þér spilið?


Í fljótu bragði virðist eins konar endaspil í laufi koma helst til greina. En betri leið býðst. Eftir að hafa trompað hjarta ás með tvístinum, er... ekki aftur snúið. Þú gættir þess því vel (í og með af gömlum vana í spili sem þessu, ekki satt (?)) að trompa með níu eða hærri trompi. Spila tromp kóng á ás og þegar 2-1 legan sýnir sig er spilið gulltryggt. Hjarta-gosi út og þú kastar laufi heima. Vestur skiptir í lauf. Þú vinnur. Spilar tromp-7 á áttuna og út með hjarta-10. Aftur er laufi kastað. Nú er hjarta-9 orðin slagur og tromp-3 er innkoma, þökk sé tvístinum heima.

(The best of Bridge;
V.Mollo-E.Jannersten).

Skák

Karpov að taflí — 149

Það hefur lengi viljað loða við Karpov hversu auðveldlega honum tekst að snúa á andstæðinga sína í tiltölulega jafnteflislegum endatöflum. Hér er dæmið frá skákmótinu í Montilla á Spáni. Bellon mikill flækjumeistari og einn sterkasti skákmaður Spánverja um langt skeið hafði klór- að sig úr erfiðri stöðu með tveim þeim minna. En þá tók við endataflstækni heimsmeistarans:



Karpov — Bellon
43. h4!
(Hindrar, — Rg5 — og undirbýr framrás f-
peðsins)
43. ... Bd8
44. Hxh7 Bf6
45. Ke3! Bxd4+
46. cxd4 b5
(Eða 46. — Hb3+ 47. Kf4 o.s.frv.)
47. h5 Hb1
48. h6 Hh1
49. Bxb5 Hh3+
50. Kf4 Hh4+
51. Kf3 Rg5+
52. Kg3 Hh3+
53. Kg4 Rxh7
54. Kxh3 Ke7
55. Bc6 Rg5+
56. Kg4 Re4
57. Bxd5!
— Svartur gafst upp. Framhaldið gæti
orðið: 57. — Rf6+ 58. Kg5 Rxd5 59. h7 og
peðið verður að drottningu.



Öll hafnaraðstaða er með besta móti á Hólmavík. Það er Hólmadrangur sem liggur bundinn við bryggju. Myndir Jón Ólafsson.

Djúprækjuveiðar Hólmavíkurbáta hafa gengið vel

Hólmadrangur aðeins einu sinni komið til heimahafnar

Íbúar mjög vonsviknir yfir því að togarinn
skuli ekki gerður út héðan eins og rætt var um,
segir Jón Ólafsson á Hólmavík.

„Atvinnuástandið hefur alls ekki verið gott hjá okkur í vetur og þær vonir sem menn gerðu sér um úrbætur með tilkomu nýja verksmiðjuskuttogarans Hólmdrangs hafa ekki ræst til þessa. Togarinn hefur aðeins einu sinni komið hingað til sinnar heimahafnar. Það var í apríllok sl. og þá landaði hann 50 tonn um af ísfiski. Annars hefur hann verið gerður út frá Hafnarfirði. Bæjarbúar eru alls ekki ánægðir með þessa þróun mála“, sagði Jón Ólafsson fréttaritari Þjóðviljans á Hólma- vík í samtali við blaðið.

Hreppsfélagið og kaupfélagið á staðnum eiga meirihlutann í Hólmadrangi, og hefur því verið borið við að ekki sé hægt að gera togarann út frá Hólmavík þar sem enginn svartolíutankur er þar til staðar. „Samt virðist ekkert hafa verið gert í þeim efnum ennþá, olíufélagin eru tilbúin að setja hér upp tank. Menn eru mjög vonsviknir yfir þessu að togarinn skuli ekki leggja upp hér. Það var farið út í þessi togar- akaup á sínum tíma til að bæta atvinnuástandið, en að hefur vantað mikið hráefni til vinnslu




Fjöldi bæjarbúa tók á móti togaranum er hann kom í fyrsta sinn til heimahafnar, en hann hefur ekki skapað þeim þá atvinnu sem þeir áttu fyllstu von á.

bæði hér á Hólmavík og eins á Drangsnesi.

Þó hér sé um að ræða verk- smiðjuskip þá kallar togarinn á mikla þjónustu úr landi. Hinsveg- ar eru ekki maagir sjómenn á to- garanum héðan úr plássinu og hef ég það eftir sjómönnum hér að þeir eru ekki hrifnir af því að vera þar um borð ef gera á togarann út frá fjarlægum byggðarlögum eins og nú er gert.“

Góð hafnaraðstaða er á Hólma- vík og þaðan eru nú gerðir út 7 bátar af stærðinni 30-60 tonn. Í

vetur voru þeir á rækjuveiðum í flóanum. Í byrjun apríl fóru þeir stærstu á vertíð suður og hinir minni á grásleppu sem gekk afar illa. Sömu sögu er að segja víðar af Ströndum, grásleppa sést ekki og menn löngu búnir að gefast upp. Til dæmis fengust aðeins 20 grásleppur í net frá einum bæ úr Arneshreppi. Fleiri grásleppur hafa ekki sést þar. Nú eru Hólma- víkurbátar á djúprækjuveiðum og hefur gengið vel það sem af er. Þeir sækja aðallega út að Kol- beinsey og á miðin 50 mílur norður af Horni. —lg.



Magnús Tómasson, Ásgerður Búadóttir og Gunnar Örn fyrir utan Kjarvalsstaði, þegar verið var að ganga frá sendingu listaverkanna til Finnlands.

Þrír Íslendingar sýna í Helsinki

Nú stendur yfir norræn listsý- ning í Konsthallen í Helsinki, og nefnist hún Borealis — norrænar myndir '83. Sýningin er sett upp á vegum Norrænu listamiðstöðvar- innar í Sveaborg.

Sextán listamenn eiga þar verk, þrír frá hverju Norðurland- anna og einn frá Færeyjum. Ís- lensku listamennirnir eru Ás- gerður Búadóttir, Gunnar Örn og Magnús Tómasson. Sýningin er fyrsta stóra farandsýningin á norrænni nútímalist sem efnt er til síðan sýning norræna mynd-

listarbandalagsins „Augliti“ til auglitis“ var sýnd á Norðurlönd- unum 1976-77. Sænski myndlist- armaðurinn Tage Martin Hörling valdi verkin á sýninguna í sam- vinnu við þjóðardeildir norræna myndlistarbandalagsins, en hann hefur starfað í Sveaborg við skipulag sýninga.

Sýningin verður í Helsinki fram í júlí, en þaðan fer hún til Danmerkur, Noregs og Færeyja. Hún verður sett upp á Kjarvals- stöðum næsta sumar, og lýkur síðan í Svíþjóð haustið 1984.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Brautskráði 34 nemendur

Skólaslit á vorönn 1983 í Fjöl- brautaskóla Suðurnesja fóru fram í Keflavíkarkirkju laugardaginn 21. maí, og hófst athöfnin kl. 10.30.

Leifur Ísaksson, sveitarstjóri í Vatnsleysustrandardhreppi, flutti ávarp af hálfu Sambands sveitarfé- laga á Suðurnesjum. Ægir Sig- urðsson, áfangastjóri, flutti yfirlit um starfsemi skólans á önninni, og

kór skólans söng nokkur lög undir stjórn Martials Nardeau.

Brautskráðir voru 34 nemend- ur: 2 af tveggja ára viðskiptabraut, 11 jönnemar og 21 stúdent.

Ívar Pétur Guðnason flutti kveðjuorð fyrir hönd hinna brautskráðu, og að lokum ávarp- aði Jón Bødvarsson, skóla- meistari, nemendur og aðra sem athöfnina sóttu.



Tuttugu og einn stúdent var útskrifaður úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja í vor og auk þeirra 11 jönnemar og tveir af tveggja ára viðskiptabraut.